

Nd.

712. Nefndarálit

um frumvarp til laga um viðauka við lög nr. 20, 22. maí 1890, um innheimtu og meðferð á kirknafje (þingskj. 421).

Frá mentamálanefnd.

Frumvarp þetta, sem komið er frá háttv. efri deild, hefir nefndin athugað og borið það saman við frumlögin frá 1890, jafnframt og hún hefir kynt sjer hag kirknasjóðsins frá upphafi. Virðist henni nýmælið um ábyrgð landssjóðs í frumvarpinu óþörf endurtekning á 4. gr. laga nr. 20, 22. maí 1890, þar sem hún ljóslega tekur fram, að stiftsyfirvöldin (nú stjórnarráð eða biskup) hæfi umsjón og ábyrgð á kirknafje, og að það skuli ávaxtað á sama hátt og fje landssjóðs.

Nefndin verður að líta svo á, að þessi ákvæði laganna sjeu full-tryggileg, og að meðferð á kirknafjám muni eigi breytast til bóta, þótt frumvarp þetta verði að lögum, enda nú aldrei úr sjóðnum lánað, nema gegn fylstu tryggingu.

Fyrir þessa skuld telur nefndin frumvarpið þarflaust og leggur til, að það sje felt.

Alþingi, 29. ágúst 1917.

Bjarni Jónsson frá Vogu,
form.

Magnús Pjetursson,
skrifari.

Stefán Stefánsson.

Sveinn Ólafsson,
framsm.

Jörundur Brynjólfsson.